



Listahátíð 2010 lokið - takk fyrir góðar stundir

Listahátíð í Reykjavík 2010 lauk um helgina með stórglæsilegri óperuveislu Kristins Sigmundssonar, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Óperukórsins í Reykjavík enda ætlaði lófataki gesta aldrei að linna. Mjög góð aðsókn var á viðburði hátíðarinnar sem í ár voru yfir sextíu talsins með þátttöku hátt í sex hundruð listamanna, erlendra sem innlendra, og gekk allt samkvæmt áætlun.

Listahátíð þakkar ykkur öllum góðar stundir í vor. Sjáumst á næstu Listahátíð!

www.listahatid.is



Stjörnuregn og frábærar viðtökur

Viðburðir hátíðarinnar hafa hlotið mjög jákvæð viðbrögð áhorfenda og gagnrýnenda sem lofað hafa dagskrána í ár eins og fjölmargir góðir dómur bera vitni um. Meðal tónleika sem hlotið hafa fjórar og fimm stjörnur gagnrýnenda eru tónleikar norska píanósnillingsins **Leif Ove Andsnes** og þýsku systkinanna **Christian** og **Tanja Tetzlaff**, tónleikar **Bedroom Community** í Þjóðleikhúsinu, tónleikar Kammerkórsins **Carmina** sem í tívígang fylltu Kristskirkju og morguntónleikaröð **Ágúst Ólafssonar** og **Gerrit Schuil** í Fríkirkjunni. **Megas** sýndi á sér glænýjar hliðar fyrir troðfullu Háskólabíói, framandi tónar finnska galdramannsins **Kimmo Pohjonen** féllu einnig í frjóan jarðveg tónleikagesta á Nasa og litháískir leikhústöfrar **Rómeó og Júlíu** í Borgarleikhúsinu verða lengi í minnum hafðir meðal íslenskra leikhúsgesta.



Listahátíð í Ríkisútvarpinu og víðar

Ríkisútvarpið tekur upp og sendir út frá fjölmörgum viðburða Listahátíðar í Reykjavík og hefur einnig gert þeim skil í fjölmörgum þáttum. [Hér](#) er hægt að hlýða á útsendingar Ríkisútvarpsins frá tónleikum á nýliðinni Listahátíð og hlusta á þætti sem hafa verið gerðir í tengslum við hátíðina.

Um fjöllum um hátíðina hefur einnig farið fram í öðrum löndum enda kom hópur erlendra blaðamanna til Reykjavíkur á meðan á Listahátíð stóð. Nánar verður greint frá þessu síðar á heimasíðu okkar. Að komu blaðamanna stóðu ásamt Listahátíð; Höfuðborgarstofa, Ferðamálastofa og Útflutningsráð.



Ljósmyndasýningar opnar áfram

Á Listahátíð í ár var áhersla lögð á ljósmyndir með fjölda ljósmyndasýninga í galleríum, söfnum og á götum úti. Standa flestar þeirra fram á sumar þótt formligri dagskrá hátíðarinnar sé lokið. Sýningin Raunveruleikatékk verður í miðborginni til 28. júní, þegar hluti hennar verður tekinn niður og færður út á landsbyggðina. Sýning Cindy Sherman, *Untitled Film Stills*, stendur fram á haust í Listasafni Íslands og í Listasafni Reykjavíkur standa sýningarnar *Annað auga* og *Nekt* yfir til 22. ágúst. Allar nánari upplýsingar um opnunartíma allra ljósmyndasýninga á Listahátíð má finna [hér](#).